

leikskrá meistaraflokka Völsungs  
í knattspyrnu 2020

AIGALLANNA



VODAFONEVÖLLURINN  
HÚSAVÍK

MFL.KARLA MJÓLKURBIKARINN  
VÖLSUNGUR VS. ÞÓR

FÖSTUDAGINN 12.JÚNÍ  
KL. 19:15

**1.500 kr**

árskort gilda ekki í bikar



**Allir í  
gallana!**

**Vodafone er stoltur  
styrktaraðili Völsungs**

Markmið Vodafone er að styðja  
við íþróttá- og uppeldishlutverk  
félagsins á Húsavík.



**STAFRÆN LEIKSKRÁ  
/FJÖLMÍÐLATEYMI**

**HÓLFASKIPT ÁHORFENDASVÆÐI**

**“ÞETTA ER BARA ALLT EÐA EKKERT  
OG ALLT GETUR GERST”  
/ GREIN EFTIR JÓA KR.**

**UNDIRBÚNINGSTÍMABILIÐ OG  
COVID-19  
/GREIN EFTIR JÓA KR.**

**LEIKMANNAKYNNING  
MEISTARAFLOKKA KARLA Í  
KNATTSPYRNU**

**BREKKAN  
/VIÐTAL VIÐ HÓDDA HELGA**

**„ÉG ELSKA HÚSAVÍK”  
/VIÐTAL VIÐ BJARKA MÁ ELÍASSON  
NÝJAN STUÐNINGSMANN VÖLSUNGS**

**SÖGUBROT**

Leikskrá er gefin út á rafrænu formi og dreift á:  
[facebooksíðu Völsungs](#)  
[facebooksíðu Græna hersins](#)  
[Instagram Völsungs](#)  
og vef Völsungs [www.volsungur.is](http://www.volsungur.is)

**Íþróttafélagið Völsungur**  
Auðbrekka 3 / Vallarhúsi, 640 Húsavík  
**Framkvæmdastjóri:**  
Jónas Halldór Friðriksson  
Sími: 895 3302  
Netfang: volsungur@volsungur.is  
**Ábyrgðarmaður:**  
Jónas Halldór Friðriksson  
**Ritstjóri:**  
Röðull Reyr Kárason  
**Hönnun/umbrot:**  
Röðull Reyr Kárason  
**Pistlahöfundur:**  
Ingvar Björn Guðlaugsson  
**Ljósmyndari:**  
Hafþór Hreiðarsson

# STAFRÆN LEIKSKRÁ OG FJOLMIÐLATEYMI

Leikskráin þetta sumarið er á stafrænu formi og verður hægt að nálgast tengil á hana á facebooksíðum Völsungs, Græna Hersins og á vef Völsungs, [www.volsungur.is](http://www.volsungur.is)

Ákveðið var að stíga þetta stafrænaskref af nokkrum ástæðum. Fyrst skal nefna það að stafræn býður upp á ákveðin sveigjanleika við uppsetningu og umfang leikskráar frá því sem verið hefur. Snjallsíma og spjaldtölvuvæðing hefur umbreytt heimi auglýsinga og markaðsherferða og því er hægt að koma til móts við stuðningsaðila (og stuðningsfólk) hvað það varðar. Völsungur getur boðið upp á meiri sýnileika stuðningsaðila en áður. Rekstrarkostnaður er nánast enginn - prentkostnaður farinn út úr excelskjalinu.

Að auki við starfræna leikskrá hefur verið myndað fjölmiðlateymi sem ætlar sér það hlutverk að miðla efni til ykkar, stuðningsfólksins. Við munum ekki sigrá heiminn á fyrsta sumri, ekki fá blaðamannaverðlaun eða auglýsingaverðlaun en okkur langar að nota sumarið til þess að læra. Kanna þetta nýja umhverfi og nýta möguleika þess, fyrir ykkur stuðningsfólk og fyrir félagið Völsung.

Við ætlum að kanna hvað hægt er að gera með beinar útsendingar - er hægt að gera meira en að sýna bara beint? Hvað með fyrir leiki? Viðtöl?

Við ætlum að skoða hvað samfélagsmiðlar hafa upp á bjóða.

Fyrst og fremst langar okkur að gera Völsung sýnilegri - hér í bæ sem og til þeirra sem styðja félagið á þessari jarðkringlu. Vonast til þess að leikurinn sé ekki bara í 90mín, heldur fyrir og eftir leik og á milli leikja.

90 mínúturnar skipta samt máli - kannski aðalmáli og því er, hvað sem instagram, tístum og lækum er að dreifa.....

## BREKKAN SEM SKIPTIR MÁLI ÞÚ ERT BREKKAN!

## KOMDU OG VERTU MEÐ!




# ATHUGIÐ ATHUGIÐ ATHUGIÐ VIÐ ERUM ÖLL ALMANNAVARNIR!

Til að koma fleirum á völlinn á föstudaginn hefur verið ákveðið að skipta áhorfendasvæðum við gervigrasvöllinn í tvö hólf.

**Hólf eitt** hefur aðkomu frá tjaldsvæði og **hólf tvö** hefur aðkomu úr Auðbrekku.

Viljum við byðja fólk að virða afmörkun á milli hólfis eitt og tvö. Einnig byðjum við fólk að virða afmörkun við leikmannasvæði. Boðið verður uppá veitingar í sitthvoru hólfinu.

Bent er á bílastæði við sundlaug, tjaldsvæði og í Auðbrekku.



GÖNGULEIÐ Í HÓLF 1

LEIKMANNASVÆÐI  
LOKAÐ FYRIR ALMENNING

AÐKOMA Í HÓLF 2



## **STJÓRN MFL. KVENNA**

lilja friðriksdóttir  
guðrún brynjarsdóttir  
guðrún sædís harðardóttir  
eva björk káradóttir

## **STJÓRN MFL. KARLA**

björgvin sigurðsson  
bergur jónmundsson  
ingvar björn guðlaugsson  
stefán jón sigurgeirsson

## **BARNA- OG UNGLINGARÁÐ**

linda hrönn arnþórsdóttir - formaður  
gunnar jónsson - gjaldkeri  
kristjana lilja einarsdóttir - meðstjórnandi

## **FJÁRMÁLARÁÐ**

sigmar Stefánsson  
guðmundur Friðbjarnarson  
jón Höskuldsson

## **FJÖLMIDLARÁÐ**

óskar ófeigur stefánsson  
magnús máni sigurgeirsson  
röðull reyr kárason  
óskar páll daviðsson  
arnór ragnarsson  
ólafur freyr jónasson




**GRILLIÐ Á STAÐNUM**

fyrir leik / meðan á leik



# Mánaðamót í appinu



## Bókaðu þinn tíma

Bókaðu tíma á einfaldan hátt á [islandsbanki.is/radgjof](https://islandsbanki.is/radgjof) og við höfum samband og aðstoðum þig símleiðis. Ef erindið krefst afgreiðslu í útibúi bókum við fund í kjölfar símtalsins og tökum vel á móti þér á tíma sem þér hentar.

# ERTU BÚINN AÐ TRYGGJA ÞÉR ÁRSMIÐA?

Ársmiðar Völsungs eru komnir í sölu og gilda þeir á alla heimaleiki meistaraflokks karla og kvenna í Íslandsmóti. Ársmiðinn kostar litlar 20.000 kr og er hægt að kaupa hann á skrifstofu félagsins eða í sjoppunni á leikdegi.

Mætum á völlinn Völsungar og styðjum liðinn okkar áfram í baráttunni í sumar.

## BAKLAND VÖLSUNGS

Hér geta Völsungar nær og fjær - ekki síst brottfluttir með félagshjartað á réttum stað - ákveðið að styðja við félagsstarfið með mánaðarlegum framlögum til knattspyrnudeildar Völsungs. Meðal þess sem félagið gerir nú fyrir stuðningsmenn er að sýna alla heimaleiki meistaraflokkanna beint á netinu í gegnum [Volsungur TV rásina á Youtube](#).

Við hvetjum þig til að verða hluti af baklandinu til að styrkja stoðir mikilvægs félagsstarfs Völsungs.

[Nánar á vef Völsungs](#)

#völsungur  
#volsungur.mfl.kvk  
#mfl.volsungur.kk  
#allirigallana  
#græniherinn

# **Við styðjum Völsung**



**“ÞETTA ER BARA  
ALLT EÐA EKKERT OG  
ALLT GETUR GERST”**



*Jóhann Kristinn Gunnarsson*

Það er spennan og hugurinn í mönnum þegar styttest í fyrsta mótssleik sumarsins. Óhætt er að segja að á fordæmalausum tímum hefur verið erfitt að vera fótboltamaður. Engar eða takmarkaðar æfingar, reyna að halda sér við og ekki einu sinni fótbolli í sjónvarpinu á meðan!

Öll él styttr upp um síðir og um leið og grasið grænkar, sólin hækkar og hlýnar í veðri þá fáum við loksins fyrsta mótsleik sumarsins! Nágrannar okkar í Þór frá Akureyri koma á Vodafonevöllinn okkar og keppa við okkur í Mjólkurbikarkeppni KSÍ. Liðin sátu hjá í fyrstu umferð og hefja því leik í 2.umferð keppninnar. Liðið sem hefur sigur fer í pottinn og þá koma úrvalsdeildarliðin inn líka og verður dregið úr 32 liðum sem eftir eru á landinu. Síðasta ár komumst við í 32.liða úrslitin og fengum Íslandsmeistara KR á heimavöllinn okkar. Hörkuleikur í blíðuveðri og fleiri hundruð manns á vellinum. Frábær umgjörð og góður dagur. Það er von okkar að við getum gert svipaðan dag núna á föstudaginn!

Liðið okkar er ekki alveg fullmótað fyrir átökin í sumar en strákarnir hafa æft vel og af kappi og undirbúið sig fyrir sín hlutverk. Ljóst er að enn eitt árið mun mæða á ungum leikmönnum sem verða að takast á við stærri hlutverk en áður og bera ábyrgð. Þetta er ekkert nýtt fyrir okkur Völsunga og stór hluti af því að héðan koma margir flottir fótboltamenn. Menn þurfa ansi oft að henda sér í djúpu laugina snemma.

Þórsurum er spáð toppbaráttu í næstefstu deild í sumar á meðan okkur er spáð fallbaráttu í 2.deildinni. Í bikarkeppni er ekkert verið að spá í spár eða stöðu liða í deildum. Þetta er bara allt eða ekkert og allt getur gerst. Við Völsungar förum alltaf í alla leiki til að vinna og ætlum ekkert að breyta út af því í þessum leik!

**Það er von á mörgum stuðningsmönnum Þórs frá Akureyri á leikinn. Við skulum sýna okkar drengjum stuðning í verki og mæta vel á völlinn og láta í okkur heyra. Setjum okkur það markmið að „yfirspila“ Þórsarana bæði innan-og utan vallar!**

**Gleðilegt fótoltasumar og hlakka til að sjá ykkur í brekkunni! Jói**



# ÁFRAM VÖLSUNGUR



Trésmiðjan Rein ehf

*Þú átt hugmyndina...  
...við framkvæmum hana*





# Undirbúningstímabilið og Covid-19

**Undirbúningstímabilið er loks á enda en þetta hefur verið lengsta og erfiðasta undirbúningstímabil sem við höfum upplifað.**

Erfitt og leiðinlegt veðurfar setti strax strik í reikninginn í desember. Lítið var hægt að æfa úti vegna stórhriða og völlurinn okkar oftast þakinn snjó. Nýtt ár hófst á svipaðan hátt og þegar rofaði aðeins til í veðrinu skall á með Covid 19. Æfingar færðust heim í stofu til hvers og eins og aðstæður orðnar eins erfiðar og hugsast gat við að undirbúa lið fyrir keppni. Við náðum að taka þátt í norðurlandsmóttinu í Boganum þar sem liðið spilaði oft ágæta leiki en erfiðlega gekk að ná í sigur. Við lékum tvo leiki í Lengjubikarnum áður en allt fór í stopp og var það svolítið lýsandi fyrir taktinn í vetur að þrátt fyrir yfirburði á vellinum þá náðist aðeins eitt stig úr hvorum leik. Einhverra hluta vegna vorum við helst til gestrisnir og buðum andstæðingum upp á ódýr mörk.

Mikið gæfuspor var stigið í haust er Knattspyrnudeildin gerðisamning við Metabolic og þ.a.l. Jónu Birnu Óskarsdóttur um að sjá um fitness-þjálfun deildarinnar. Hún sér því um þjálfun iðkenda í knattspyrnu frá meistaraflokkunum báðum og niður í 4.flokk drengja og



**Jóhann Kristinn Gunnarsson**

stúlkna. Mjög góð raun er af þessu samstarfi og ákveðið hefur verið að halda þessu áfram í sumar. Þjálfunin snertir ekki aðeins styrktar-, þol-, og kraftþáttinn heldur einnig almennt ástand og hugarþjálfun er hluti af þessari vinnu. Mikil ánægja er með samstarfið.

Það var ljóst í haust eftir síðasta tímabil að miklar breytingar yrðu á leikmannahópnum hjá okkur. Kempur sem hafa staðið vaktina gegnum árin þurftu frá að víkja vegna meiðsla og annarra þátta og munar mikið um þá. Bergur, Sigvaldi, Rafnar Smára, Ófeigur og Gunni Siggí hafa lagt skóna til hliðar (a.m.k. í bili) og Rúnar Þór, Elvar Baldvins, Halldór Mar, Sverrir Hjaltsted, Akil og Fox hafa leitað annað.

Við höfum samið við tvo nýja leikmenn í vetur þá Sasha og Milos en þeir koma frá Spáni og Serbíu. Þeir hafa báðir reynslu af Íslandi en Milos lék síðustu þrjú árin með Fjarðabyggð í vörninni. Sterkur og klókur miðvörður



**Freyþór Hrafn Harðarson tók þátt í æfingaleik á dögnum gegn Einherja þar sem Völsungur vann 3:2. Hafþór Hreiðars náði mynd af Hamramanninum.**



sem á eftir að hjálpa okkur mikið. Sasha lék við góðan orðstír með Víkingi Ólafsvík árið 2018. Leikinn sókndjarfur miðjumaður sem á eftir að smella inn í okkar lið.

**Ungir leikmenn hjá okkur hafa tekið verulega ánægjulegum framförum og það er ljóst að við eigum eftir að sjá unga og uppalda Völsunga fá góð tækifæri í sumar til að hjálpa liðinu sínu og taka fyrstu skrefin í meistara-flokksbolta. Þeir hafa æft vel og eru ekkert að gefa þeim eldri og reyndari eftir á æfingum. Það verður gaman að fylgjast með þróun þeirra áfram.**

Valdes okkar er áfram í markinu og er það gleðiefni. Toppmaður og algjört gæðaeintak bæði innan-og utan vallar.

Deildin verður erfið í ár og líklega erfiðari en undanfarið. Liðin leggja orðið mikið í þetta og baráttan um að komast upp er orðin hörð á milli margra liða. Við erum farin að sjá stór nöfn í deildinni og það verður gaman fyrir okkar stráka að mæta sterkum andstæðingum í hverjum leik. Við viljum endilega að heimavöllurinn okkar verði áfram erfiður heim að sækja og treystum við á stuðningsfólk okkar að hjálpa okkur við það.

**“Einnig verður gaman að fylgjast með framþróun hjá Arnar Pálmi Kristjánsson sem er fæddur árið 2002 en hann varð fastamaður í liði Völsungs í fyrra á sínu fyrsta ári í meistaraflokki.”**

**www.**

**Jóna Birna hefur** séð um þjálfun iðkenda í knattspyrnu frá meistara-flokkunum báðum og niður í 4.flokk drengja og stúlkna.





**VIÐ STYÐJUM  
VÖLSUNG**

**Fish &  
Chips**

**VIÐ STYÐJUM  
VÖLSUNG**

**G P G**  
**SEAFOOD ehf**

# LEIKMANNAKYNNING

## MFL.KARLA 2020



**Jóhann Kristinn Gunnarsson**  
Þjálfari

**Jónas Halldór Friðriksson**

**Boban Jovic** / aðstoðarþjálfarar

**Dagbjört Ingvarsdóttir**

/sjúkráþjálfari

**Gunnar Sigurður Jósteinsson**

/liðstjóri



**Aðalsteinn Jóhann Friðriksson**

9. júní 1991

Hafsent, bakvörður, miðjumaður  
eða sóknarmaður.

Leikir: 204



**Arnar Pálmi Kristjánsson**

11. júlí 2002

Vinstri bakvörður

Leikir: 19




**Arnþór Máni Böðvarsson**

28. mars 2003

Kantmaður

Leikir: 0



**Ásgeir Kristjánsson**

5. jan. 1998

Kantmaður/sókn

Leikir: 71



**Bjarki Baldvinsson**

12. sept. 1990

Miðja

Leikir: 231



## **Daníel Már Hreiðarsson**

25. sept. 2000

Kantmaður

Leikir: 6



## **Einar Örn Sigurðsson**

10. júní 2002

Kantmaður/bakvörður

Leikir: 0



## **Elmar Örn Guðmundsson**

27. mars 2001

Miðjumaður

Leikir: 3



## **Freypór Hrafn Harðarson**

15. ágúst 1997

Miðvörður

Leikir: 76



## **Guðmundur G. Sigurbjörns.**

11. júlí 2003

Miðja/Kantmaður

Leikir: 0



## **Guðmundur Óli B. Steingríms.**

11. febrúar 1986

Miðja

Leikir: 155




## **Gunnar Kjartan Torfason**

17. júlí 2002,

Miðjumaður

Leikir: 0



## **Inle Valdés Mayarí**

29. maí 1992

Markmaður

Leikir: 23



# VIÐ STYÐJUM VÖLSUNG

 FaktaBygg  
Ísland





**Jóhannes Óli Sveinsson**

17. júlí 2003

Bakvörður

Leikir: 0




**Kristján Leó Arnbjörnsson**

11. október 2001

Hægri varnarmaður/miðjumaður

Leikir: 0



**Milos Vasiljevic**

17. feb 1988

Miðvörður

Leikir: 0



**Ólafur Jóhann Bergmann**

23. ágúst 1999

Miðja/Kantmaður

Leikir: 44



**Óskar Ásgeirsson**

1. September 2000

Hægri bakvörður

Leikir: 0




**Páll Vilberg Róbertsson**

9. október 2001

Miðvörður

Leikir: 0



**Rafnar Máni Gunnarsson**

07. mars 2002

Sóknarmaður

Leikir: 8






## **Sasha Uriel Litwin Romero**

7. ágúst 1995

Miðjumaður

0




## **Sigurður Már Vilhjálmsson**

17. des. 2000

Framherji

Leikir: 0



## **Stefán Óli Hallgrímsson**

23. ágúst 2002

Markmaður

/sóknarmaður (þegar hentar)

Leikir: 0




## **Steinarr Bergsson**

9. Janúar 2001

Sóknarmaður

Leikir: 0



## **Stígur Annel Ólafsson**

07. október 2001

Hægri bakvörður

/hægri kantmaður

Leikir: 0



## **Sæþór Olgeirsson**

6. apríl 1998

Framherji

Leikir: 88

**við þökkum  
stuðninginn**



**HÚSASMÍÐJAN**



 **Faktura**  
*Bókhald - Laun - Ráðgjöf*

  
**GLUGGAVINIR**

**BÍLALEIGA  
AKUREYRAR**  
— Höldur —



  
**STEINSTEYPIR**  
STEYPA - JARÐVINNA - KJARNABORANIR - MÚRBROT




  
**terra**

  
**INNNES**

 **ENOR**

 **STEINSMÍÐJA  
AKUREYRAR**

# við þökkum stuðninginn




**Hóll ehf**  
Höfða 11 - 640 Húsavík  
Sími/Fax: 464 2200  
e-Mail: holleh@holleh.is  
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161  
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR



við Lónin • Kelduhverfi • 671 Kópasker  
Sími: 465 2190 • Fax: 464 2191  
Netfang: rifoslax@isholf.is  
Kt. 500692-2869



Garðarshólmi  
∞ 1961 ∞



## Sólbakki ehf

# við bjóðum Þórsara

## velkomna til Húsavíkur á Vodafonevöllinn í 2.umferð Mjólkurbikars KSÍ

Glampanði sólin á Wembley að vori er í hugum margra vorboðin ljúfi er úrslitaleikur enska bikarins fer fram. Mánuði fyrr hefja íslensku liðin keppni í bikarkeppni KSÍ. Í slyddu. Er skarðið fært? Er búið að grjóthreinsa Siglufjarðarvöll (nei).

Mjólkurbikarinn, líkt og keppnin er nefnd, fór fram fyrst árið 1960. KR-ingar hafa oftast orðið bikarmeistarar eða alls 14 sinnum. Núverandi bikarmeistari er Víkingur R. sem lögðu FH 1-0 í úrslitaleiknum í fyrra á Laugardagsvelli sem hefur verið vettvangur úrslitaleiksins frá 1973 en þar á undan var Melavöllurinn brúkaður.

Þórsarar hafa lengst náð í úrslitaleikinn en þeir kepptu til úrslita árið 2011 en töpuðu 2-0 fyrir KR.

Völsungur hefur náð lengst í bikarkeppninni er liðið komst í undanúrslit árið 1974 en þá laut liðið í lægra haldi fyrir ÍA hér á Húsavíkurvelli en leikar fóru 0:2.

## Þór Akureyri

Íþróttafélagið Þór var stofnað 6. júní 1915, og er elsta starfandi íþróttafélag á Akureyri. Stofnandi félagsins var Friðrik Einarsson og var einnig fyrsti formaður þess. Friðrik var tæplega 15 ára gamall þegar hann stofnaði félagið, ásamt nokkrum öðrum 12-15 ára drengjum á Oddeyri. Í fyrstu hét félagið Íþróttafélag Oddeyringa, Þór. Drengirnir hófu æfingar strax við stofnun, undir stjórn Friðriks sem var óumdeildur leiðtogi hópsins.



# BR

„Brekkan“ er liður sem verður í leikskráum sumarsins, en þar reynum við að finna stuðningsmann sem möguleiki er á að tengja við bæði lið. Það var ekki langt að leita að sinni en Hólmgrímur Helgason, eða Hóddi eins og vel flestir þekkja hann, var meira en tilbúinn í að vera tekinn tali. Hódda má finna á öllum Völsungisleikjum í Boganum og einnig er hann duglegur að stunda Þórsvöllinn.

# EK

Pistlahöfundur: Ingvar Björn Guðlaugsson

Hóddi er af Hjarðarhólnum og er af hinum fræga og margrómaða 1966 árgangi Húsavíkur. Hann stundaði sjómennsku lengst af sinni Húsavíkurtíð en fór til Danmerkur í nám 1999. Að námi loknu flutti hann svo til Akureyrar og er þar enn. Við gefum Hódda orðið.

# KAN

## Búseta og heimilishagir?

Búsettur í Glerárþorpi hinu forna (603 Akureyri) ásamt Rósu og tveimur unglungum Tryggva Snæ og Halldóru Mjöll (og kettinum Tinna JR)

## Hvað gerir þú í dag?

Data manager (Tölvukall) hjá Conservation of Arctic Flora and Fauna (CAFF – <https://caff.is>) sem er einn af sex vinnuhópum Norðurskautsráðsins (Arctic Council) og snýr að lífríkisvernd á heimskautasvæðunum

## Hvernig var þinn knattspyrnuferill?

Knattspyrnuferillinn var gott sem enginn þar sem ég var ekki mikið heima á Húsavík á sumrin. Man samt eftir einni ferð á Akureyri þar sem við spiluðum á „fimmhorna vellinum“ austan við Akureyrarvöll. Kom inná sem varamaður og fór útaf tveimur mínútum síðar meiddur og alblóðugur.

## Uppáhalds leikmaður Völsungs fyrr og síðar?

Man fyrst eftir Hreini Elliða sem var nagli en uppáhaldsleikmaður er án efa Jónas Hallgríms.

## Eftirminnilegt atvik með Völsungi?

Hvað mig snertir er það skiljanlega mín innákoma á Akureyri en annars þegar við Völsungar fórum upp í efstu deild.



Hólmgrímur Helgason / Hóddi

Hversu mikið fylgstu með þínum liðum í dag?

Knattspyrnuáhorf er mín fíkn. Ég fer á alla leiki með Völsungi, Þór og Þór/KA ef ég get. Keppnisleiki jafnt og æfingaleiki.

Hvort liðið muntu styðja á föstudag?

**Ég mun styðja ..... ég veit það ekki... kannski aðeins meira úti grænt. Eða eins og hjá Pétri Helga vini mínum og skipskokki þá hélt hann grunsamlega oft með sigurliðinu þegar við vorum að horfa á enska boltann út á sjó. Tilviljun?**

**Skilaboð að lokum fyrir knattspyrnusumarið?**

Á von á því að sumarið verði gott fyrir mín lið; Völsung, Þór og Þór/KA . Einnig hvet ég leikmenn og áhorfendur að vera góða fyrirmynd fyrir ungdóminn og þá aðallega með því að passa munnsöfnuðinn.

**Fótboltakveðja  
Hóddi**



**NORÐLENNSKA**

**VIÐ STYÐJUM  
VÖLSUNG**

**SJÓVÁ**

**VIÐ STYÐJUM  
VÖLSUNG**



**GAMLI  
BAUKUR**

# „ÉG ELSKA HÚSAVÍK“

**Það vakti athygli langt út fyrir landsteina nú á dögum þegar markakóngur Þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta, Bjarki Már Elísson, laumaði inn sönghefti Græna Hersins á alnetið.**

Pistlahöfundur: Ingvar Björn Guðlaugsson

Bjarki er á norðurleið til þess að berja Völsunga augum í bikarleiknum gegn Þór í sinni fyrstu heimsókn á Vodafonevöllinn en hingað til hefur áhorf hans verið takmarkað við útileiki og youtube.

Þessi langbesti vinstri hornamaður íslenska landsliðsins dundar sér við textagerð Völsungslaga í frístundum og er á yfirsnúningi þessi misserin við að rækta Húsvískar rætur sínar og finna í sér Völsunginn. Leikskráin sló á þráðinn til hans á dögnum þar sem hann var að pakka fyrir norðurferð og spurði nokkurra spurninga.

## Hvers vegna ertu Völsungur?

Völsungur hefur átt stað í mínu hjarta síðan ég mætti á Húsavík á yngri flokka mót í handboltanum í kringum aldamótin. Bærinn heillaði mig strax og svo er ég einnig beintengdur inn í mikla Völsungætt. Leifur “heppni” Grímsson og Matthías Leifsson eru mínir allra bestu Húsvíkingar. Ég elska Húsavík og Húsavík elskar mig.



## Uppáhalds Völsungs goðsögn?

Ég hef alltaf verið mikill Arnórs Guðjohnsen maður. Það eru fáir menn á sextugs aldrinum sem eru enn að rokka möllet og hvað þá að “púlla” það svona hrikalega vel. En uppáhalds goðsögnin er að sjálfsgöðu Halli Har. Það er kóngurinn og þetta vita Húsvíkingar. Skrýtið að það sé ekki komin stytta af honum hjá Vodafone-vellinum. Það hlýtur að vera á teiknborðinu hjá bæjarstjórninni, trúi ekki öðru!

## Væntingar til liðsins í sumar?

Við eigum heima í Lengjudeildinni að mínu mati. Ég hef fulla trú á Jóhanni Kristni og liðinu. Þetta verður brekka en það er oft sagt að Húsvíkingur í brekku er eins og Akureyringur á jafnsléttu. Svo lifir bikardraumurinn allavega fram á föstudag og vonandi eitthvað fram á sumar.

## Lokaorð fyrir leikinn á föstudag

Ég vil sjá sem flesta Húsvíkinga á leiknum á föstudaginn! Við þurfum að vera tólfti maðurinn fyrir liðið. Það jafnast ekkert á við bikarkvöld á Vodafone-vellinum. Ég sjálfur verð mættur á Húsavík Öl að syngja og tralla löngu fyrir leik.

Við þökkum Bjarka Má fyrir spjallið og tökum undir með honum um nauðsyn þess að vera tólfti maðurinn í brekkunni á heimaleikjum í sumar.

## ÁFRAM VÖLSUNGUR!



HÚSAVÍK ÖL  
X  
VÖLSUNGUR

Næstkomandi föstudag mun Húsavík Öl opna fyrir með boltatilboð fyrir stuðningsmenn Völsungs. Steini mun sjá til þess að mýkja raddböndin fyrir leik Völsungs og Þórs. Tökum leikmenn til fyrirmyndar og hitum upp!

17:00

allir í gallana



HÚSAVÍK ÖL  
X  
VÖLSUNGUR

Næstkomandi föstudag mun Húsavík Öl opna fyrir með boltatilboð fyrir stuðningsmenn Völsungs. Steini mun sjá til þess að mýkja raddböndin fyrir leik Völsungs og Þórs. Tökum leikmenn til fyrirmyndar og hitum upp!

17:00

allir í gallana



# SÖGUBROT

## KÍKT Í ELDRI DAGBLÖÐ

Snúum þessari fyrirsögn við á morgun!!

### Þór stöðvar Völsunga!

Þór og Völsungur léku í annarri deild í knattspyrnu á laugardaginn. Skömmu áður höfðu þessi lið leikið saman í bikarkeppninni, og þá vann Þór eftir þrjár vítaspyrnukeppnir.

Vöslungar skoruðu fyrsta

markið í leiknum, en Óskar Gunnarsson jafnaði fyrir Þór skömmu síðar. Hafþór Helgason tryggði síðan Þór bæði stig-in með góðu marki, og í hálfleik var staðan tvö gegn einu fyrir Þór. Hvorugu liðinu tókst að skora í síðari hálfleik svo tvö-eitt urðu lokatölur leiksins.

### ÍPRÓTTIR

Bikarkeppni KRA hafin:

## Völsungar mættu ekki

Nýlega hófst bikarkeppni KRA í knattspyrnu. Þátt-tökulið eru frá Þór, KA, Völsungi og Magna. Í fyrsta leiknum léku KA og Magni, og var leikið á Sanavelli.

Magnamenn náðu forskoti strax á fyrstu mín. með marki frá Jóni Lárussyni, og nokkru síðar var Jón felldur innan vit-

arteigs KA og Magni fékk vítaspyrnu. Þeir skutu í stöng, og KA slapp með skrekkinn. Í byrjun síðari hálfleiks jafnar KA með marki frá Gunnari Blöndal. Það urðu og úrslit leiksins.

Á sunnudaginn áttu síðan Þór og Völsungur að keppa, en þegar flautað var til leiks voru leikmenn Völsungs ekki mættir,

og ekkert varð því úr leiknum. Samkvæmt upplýsingum Geirs Guðsteinssonar formanns KRA, tilkynntu forsvarsmenn Völsungs ekki forföll, og sagði Geir framkomu þeirra fyrir neðan allar hellur. T.d. frestaði Árni Njálsson, þjálfari Þórs, ferð sinni til Reykjavíkur um einn dag til að geta stjórnað liði sínu í leiknum.

Hvað gerðist eiginlega í apríl mánuði 1980?  
Af hverju mættum við ekki til leiks?  
Er búið að biðjast afsökunar?  
Komst Árni til Reykjavíkur?

## UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR!

1993

Böbbi, skaustu fast?  
Í öllum mörkunum?

Tindastóll-Völsungur 0:3.

Björgvin Sigurðsson skoraði þrennu í leiknum fyrir Húsvíkinga.

Samkvæmt venju voru fjölmargir leikir hjá yngri flokkun-um á Norðurlandi undanfarna viku og fjölmörg glæsileg mörk skoruð. Það gerist einnig margt skondið og skemmtilegt í þessu leikjum. Nýtt met var t.d. sett á Húsavík í leik 4. flokks Völsungs og Hvatar/Kormáks. Baldur Aðalsteinsson skoraði fyrsta mark Húsvíkinga strax á 10. sekúndu og bætti reyndar 5 mörkum við fyrir leikslök.



# **Skráðu eignina þína hjá okkur og við seljum hana strax!**



**OPIÐ 09:00 - 16:00**

**Garðarsbraut 26**

**640 Húsavík**

**Sími: 865-7430**

**[www.logeign.is](http://www.logeign.is)**

**netfang: [hermann@logeign.is](mailto:hermann@logeign.is)**

**LögEign**

**MJÓLKURBIKAR  
KVENNA  
TINDASTÓLL-  
VÖLSUNGUR**

**12. JÚNÍ KL. 14:00  
SAUÐÁRKRÓKSVÖLLUR**

**LENGJUDEILD  
KVENNA  
VÖLSUNUR-  
KEFLAVÍK**

**21. JÚNÍ KL. 14:00  
VODAFONEVÖLLUR**

**2. DEILD KARLA**

**NJARÐVÍK  
VÖLSUNGUR**

**20. JÚNÍ KL. 14:00  
RAFHOLTSVÖLLURINN**